

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vatnsholts við Apavatn.*  
Í breytingunni felst að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03 og að heimilt verði að byggja allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús til viðbótar við sumarhús. Einnig verður breyting á ákvæðum hvað varðar lögun húsa á þann veg að hún verði frjáls.  
Samþykkt í sveitarstjórn 20. janúar 2016.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Stangarlækjar- og Lautarveg.*  
Í breytingunni felst að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03 og að heimilt verði að byggja allt að 40 m<sup>2</sup> aukahús til viðbótar við sumarhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2016.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Nesja – Réttarháls 7.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 5.000 m<sup>2</sup> lóð við Réttarháls 7.  
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 10. maí 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2016